

Til aðstandenda hunda- og kattasýninga

Fjöldmörg smitefni og sníkjudýr sem algeng eru erlendis eru ekki til staðar hér á landi. Mikils er um vert að halda þessari góðu stöðu þar sem sýkingar og innri sem ytri óvætur geta valdið dýrunum miklum þjáningum og eigendum þeirra vinnu og fjárhagslegum útgjöldum, bæði vegna veikinda dýranna og aðgerða til að fyrirbyggja smit. Af og til berast ný smitefni og sníkjudýr til landsins og þegar þau uppgötvast er reynt að uppræta þau. Sum smitefni og sníkjudýr eru þess eðlis að þau geta leynst um nokkurn tíma án þess að þeirra verði vart. Fullkomlega heilbrigð dýr geta því verið smitberar. Það er því aldrei of varlega farið þar sem mörg dýr koma saman.

Mikilvægt er að aðstandendur sýninga sýni gott fordæmi og brýni fyrir fólki að gæta smitvarna.

Tryggja þarf að dómarar og aðrir sem eru í beinni snertingu við dýrin klæðist hreinum hlífðar- og skófatnaði á sýningum. Auk þess er mikilvægt að borð, tæki og annað sem dýrin eru í snertingu við sé þrifið og sótthreinsað milli dýra. Á það skal minnt að samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, er óheimilt að flytja til landsins tæki, áhöld og annað sem hefur verið í snertingu við dýr, nema að fengnu leyfi Matvælastofnunar.

Jafnframt ber aðstandendum sýninga að brýna fyrir öllu starfsfólki og þátttakendum að gæta almennra smitvarna og hafa vakandi auga fyrir einkennum sem gætu bent til smitsjúkdóma og innri eða ytri óværu. Komi upp grunur um smit skal tilkynna það tafarlaust til dýralæknis sýningarinnar.

Tilmæli til starfsfólks:

- Klæðist hreinum fatnaði sem auðvelt er að þvo eða hlífðarfatnaði sem aðstandendur sýningarinnar útvega.
- Þvoið og sótthreinsið hendur milli dýra sem þið handleikið.
- Notið límrúllu á fatnað ef hann kemst í snertingu við feld dýranna áður en dýr frá öðrum eiganda er handleikið.
- Þrifið og sótthreinsið, eins og kostur er, borð, tæki, tól og annað sem kemst í snertingu við dýrin, eftir skoðun á hverju dýri.

Tilmæli til þátttakenda:

- Klæðist hreinum fatnaði sem auðvelt er að þvo.
- Hafið búr, teppi og allan búnað hreinan við komu á sýninguna.
- Varist að dýrin ykkar komist í beina snertingu við dýr á sýningunni, önnur en þau sem þau eru í reglulegu samneyti við.
- Haldið snertingu fólks við dýrin ykkar í lágmarki, sér í lagi fólks sem nýlega hefur komið erlendis frá.
- Hafið samband án tafar við dýralækni ef þið fáið grun um smitsjúkdóm á meðan á sýningunni stendur eða eftir að heim er komið.